

# Aflsmunir, vitsmunir og íslenskt samfélag

Ólafur Páll Jónsson

lektor í heimspeki við Háskóla Íslands

[ birt í Lesbók Morgunblaðsins 31. janúar 2009 ]

Eftir hrun bankakerfisins hafa Íslendingar orðið vitni að víðtækri og djúpstæðri gliðnun samfélagsins sem hefur leitt til þess að stór hluti almennings hefur tapað tilfinningunni fyrir því að hann lifi í lýðræðislegu réttarríki. Og þegar fólk tapar þessari tilfinningu þá er ríkið ekki lengur lýðræðislegt réttarríki; ef lýðræðislegar stofnanir samfélagsins eiga að geta gegnt sínum hlutverkum sem skyldi, þá verður fólk að geta treyst þeim og borið virðingu fyrir þeim. Fólk verður að geta treyst því að dómstólar fari ekki í manngreinarálit, að löggin séu sett til almannaheillar en ekki til að skapa og vernda sérhagsmun einstaklinga og hópa og að framkvæmdavaldið haldi sig innan þeirra valdmarka sem stjórnskipanin markar því. Brýnasta verkefni samtímans er að endurreisa Ísland sem lýðræðislegt réttarríki. Til að gera það verður að byrja á því að huga að undirstöðunni, nefnilega því hvað það er fyrir Ísland að vera samfélag.

## Sambúð, samfélag og ríki

Eiginlegt samfélag verður ekki til við það eitt að fólk deili stund og stað og búi við gagnkvæm hagsmunatengsl. Einfalt dæmi varpar ljósi á þetta: Í þrælshaldsþjóðfélagi Bandaríkjanna deildu hinir hvítu húsbændur og hinir svörtu þrælur stund og stað, og á milli þeirra ríktu margvísleg hagsmunatengsl. En þetta þrælshaldsþjóðfélag var ekki *samfélag* húsbænda og þræla. Frá sjónarhóli húsbændanna voru þrælarnir fjarlægir og framandi – ekki persónur heldur vinnuafli. Réttindabarátta þrælanna snerist ekki um að hagsmunir þeirra yrðu teknir *með* í reikninginn, því það var örugglega víða gert, heldur að reikningurinn væri þeirra ekki síður en húsbændanna. Réttindabarátta þrælanna snerist ekki um að stjórnskipulag Bandaríkjanna tæki tillit til þeirra, heldur að það væri *þeirra* stjórnskipulag ekki síður en hinna hvítu. Lokamarkmiðið var vitanlega að til yrði eiginlegt samfélag sem byggðist á hugsjón um almannaheill sem tæki til hinna svörtu með sama hætti og hinna hvítu.

Forsenda eiginlegs samfélags er að meðlimir þess – borgararnir í tilviki lýðræðisríkis – geti litið á vettvang tilverunnar sem sameiginlegan samvinnuvettvang fyrir leitina að hinu góða lífi (sbr. John Rawls, *Justice as Fairness*, Harvard University Press 2001, §2). Þessi hugmynd um samfélagið útilokar ekki að á meðal borgaranna ríki margvísleg samkeppni, t.d. um takmörkuð gæði samfélagsins, en hún gerir kröfu til þess að slík samkeppni sé sanngjörn.

Ríkið er umgjörð um samfélagið í tvennum skilningi. Annars vegar myndar það lagalegan og stofnanalegan ramma um samfélagið. Hins vegar er ríkið vettvangur valdabaráttu og valdbeitingar; í lýðræðisríki hefur ríkisvaldið einkaleyfi á valdbeitingu. Á meðan allt leikur í lyndi getur verið erfitt að greina ríkið, í þessum skilningi, frá samfélaginu. Lög og stofnanir ríkisins birtast þá sem eðlilegur rammi um þá samvinnu sem er grundvöllur samfélagsins og opinber valdabarátta á vettvangi ríkisins birtist einnig sem hluti af því að lifa og vinna saman (sbr. Páll Skúlason, „The rationality of the state: Commonplace Remarks“, *Saga and Philosophy and Other Essays*, Háskólaútgáfan, Reykjavík 1999). En þegar gjá hefur myndast á milli ríkisvaldsins og þjóðarinnar, þá birtist andstæða ríkisins og samfélagsins með einkar skýrum hætti. Þegar slíkt gerist skiptir ríkið um eðli, það umhverfist frá því að vera sameinandi afl yfir í að verða sundrandi afl; í stað þess að ríkið sé sterkasta einingarafl samfélagsins verður það sundrungarafl sem heggur að rótum sjálfs samfélagsins. Slík þróun getur síðan hæglega leitt til þess að eðli ríkisins sem umgjörðar um samvinnu borgaranna víki fyrir eðli ríkisins sem vettvangs valdabaráttu. Lokastig þeirrar þróunar er svo að ríkið verði tæki valdbeitingar.

Það er í þessu ljósi sem skilja ber hin fleygu orð Johns Rawls að réttlæti sé æðsta dygð stofnana ríkisins. Þessi orð láta ekki einungis í ljósi þá hugsun að réttlátt ríki sé ævinlega betra, í einhverjum skilningi, en ranglátt ríki, heldur þá hugsun að ríki sem ekki er réttlátt skorti *grundvöll*. Ranglæti vegur beinlínis að grundvelli ríkisins með því að grafa undan samfélaginu sem samvinnuvettvangi borgaranna, þ.e. með því að grafa undan ríkinu sem sanngjarnri umgjörð um leit borgaranna að hinu góða lífi.

### Íslenskt ríkisvald

Þróun íslenska ríkisins frá því að vera sameinandi afl í að verða sundrandi afl, frá því að vera sanngjörn umgjörð um samvinnu borgaranna yfir í að vera fyrst og fremst vettvangur valdabaráttu, hefur á liðnum árum m.a. birst í því að stjórnvaldsaðgerðir ríkisvaldsins eru réttlættar í krafti valds; stjórnvaldsaðgerðir eru réttlættar á þeim forsendum að tilteknir einstaklingar, t.d. ráðherrar eða meirihluti þingmanna, hafi ákveðið vald og að þeir hafi

beitt þessu valdi án þess að brjóta lög. Dæmi um þetta er réttlætning Árna Mathiesen, setts dómismálaráðherra, á skipun Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara frá 1. janúar 2008. Réttlætning í krafti valds lætur í ljósi þá sýn á ríkið að það sé fyrst og fremst vettvangur valdatafls, og að ríkisvaldið sé, að minnsta kosti öðrum þræði, tæki valdbeitingar. Í þessu birtist einnig sú sýn á lýðræði að það snúist fyrst og fremst um *útdeilingu* valds frekar en *meðferð* valds. Þessi sýn kristallast í þeim orðum Geirs Haarde að ríkisstjórnin hafi umboð þar til næst sé kosið, þrátt fyrir víðtækustu og fjölmennustu mótmæli í sögu íslenska lýðveldisins. Jón Kalman Stefánsson lýsir svipaðri hugsun með eftirfarandi orðum:

Og strangt til tekið er rangt af mér að kalla Geir stjórnámálamann; hann er valdsmaður. Ófáir stjórnámálamenn á Íslandi, og einkum þeir sem hafa komist til umtalsverðra áhrifa, hafa ósjálfrátt farið að líta á sig sem valdsmenn, menn valdsins; valdið tilheyrir þeim, ekki fólkinu. Hér stjórna ráðherrar, ekki Alþingi. Og við, hinn almenni maður, höfum ekkert um ákvarðanir þeirra að segja. Þeir ákveða að styðja innrás í Írak, þeir ákveða að gefa útvöldum aðilum auðlindir hafsins, og síðan bankana, þeir ákveða að leggja niður spítala, og gæla við að einkavæða þá. Við stöndum niðrá Austurvelli, sitjum á borgarafundi í Háskólabíói, hrópum og öskrum og mótmælum en það hefur nákvæmlega engin áhrif („Nýtt Ísland; nýtt lýðveldi“, *Fréttablaðið*, 15. janúar 2009, bls. 28).

Hér fer saman að stjórnámálamenn líta á sig sem valdsmenn, að hlutur Alþingis í stjórn ríkisins er aumur og að lítil tengsl eru á milli stjórnámálamanna – valdsmannanna – og almennings.

## **Alþingi**

Alþingi á, samkvæmt stjórnskipan ríkisins, að vera í senn samræðuvettvangur og löggjafi um grundvallaratriði í stjórn ríkisins. Raunin er hins vegar sú að Alþingi sinnir hvorugu hlutverkinu með sómasamlegum hætti. Sem löggjafi rís Alþingi ekki undir nafni nema að forminu til – yfirleitt gerir Alþingi vart annað en að afgreiða lög sem eru samín annars staðar, ýmist í embættismannakerfinu (ráðuneytum), á borði ríkisstjórnarinnar eða hjá hagsmunaaðilum sem standa utan stjórnkerfisins. Og sem samræðuvettvangur er það vart nema skopmynd af því sem því er þó ætlað að vera. Þetta birtist best í því að málfóf hefur verið helsta leið minnihluta til að hafa áhrif á framgang mála á Alþingi. Á eiginlegum samræðuvettvangi ættu *röð* að skipta máli en sú hefð hefur skapast að rök skipta engu máli; menn hlusta ekki hverjir á aðra og hirða ekki um að svara gagnrýni, hversu málefnaleg sem

hún annars kann að vera. Ástæðan er sú að Alþingi er fyrst og fremst vettvangur valdabaráttu þar sem aflsmunir ráða frekar en vitsmunir. Á Alþingi ræður einfaldur meirihluti aflsmunum og þegar saman fara framkvæmdavald og meirihluti á Alþingi, eins og jafnan hefur verið á Íslandi, þá hefur meirihlutinn freistast til að beita meirihlutavaldi sínu ótæpilega. Vitsmunirnir verða þá að sama skapi hornreka.

Þessir tvenns konar misbrestir á starfi Alþingis haldast raunar í hendur, því forsendan fyrir því að Alþingi geti verið eiginlegur löggjafi frekar en afgreiðslustofnun er að Alþingi sé samræðuvettvangur – eða rökræðuvettvangur – en ekki einungis karpstaður þar sem vitsmunirnir víkja fyrir aflsmunum og meirihluti fer sínu fram án tillits til þess sem minnihluti hefur að segja.

Þegar Alþingismenn kvarta yfir hnignandi virðingu þessarar elstu og fyrrum merkustu stofnunar landsins er því ekki við neina að sakast nema þingmenn sjálfa. En hnignun Alþingis er ekki bara áhyggjuefni þingmanna heldur allra landsmanna vegna þess að Alþingi er ein af grundvallarstofnunum ríkisins og hornsteinn hins lýðræðislega stjórnskipulags. Hnignun Alþingis er því einnig hnignun íslenska ríkisins og þar með hnignun íslensks samfélags.